

Mánudaginn 30. maí 1988.

Nr. 134/1988. **Ákærvaldið**

gegn

Baldvin Björnssyni

og

Sigrúnu Elisabetu Gunnarsdóttur

Kærumál. Vanhæfi dómara.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason, Benedikt Blöndal og Guðrún Erlendsdóttir.

Ríkissaksóknari skaut hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 10. maí sl. samkvæmt heimild í 171. gr. 1. töl. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, sbr. 174. gr. 2. mgr. sömu laga. Krefst hann þess, „að hinum kærða úrskurði verði hrundið og héraðsdómaranum, Guðmundi L. Jóhannessyni, lýst rétt og skylt að fara með og dæma mál þetta“.

Af hálfu varnaraðila hafa engar kröfur verið gerðar og ekki borist frá þeim greinargerð.

Staðfesta ber þá niðurstöðu héraðsdómara, að ummæli hans í sjónvarpi, sem rakin eru í hinum kærða úrskurði, valdi ekki vanhæfi hans og því séu ekki efni til að hann víki sæti í máli þessu af þeim ástæðum, er verjandi ákærða Baldvins Björnssonar krafðist.

Svo sem fram kemur í forsendum hins kærða úrskurðar telur héraðsdómari móður eins þeirra barna, er hér koma við sögu, hafa í sjónvarpsviðtali 17. ágúst sl. viðhaft þau ummæli um bæjarfógetann í Hafnarfirði, er telja verði bæði ærumeiðandi og móðgandi og gætu bakað henni bótaskyldu og varðað hana refsingu skv. 108. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en héraðsdómari var þá settur bæjarfógeti í Hafnarfirði. Ummæli þessi eru ekki rakin í úrskurðinum og verður ekki tekin afstaða til þeirra. Héraðsdómari kann að vísu að eiga skaðabótakröfu á hendur konu þessari, en það gerir hann ekki vanhæfan til að fara með og dæma mál er varðar barn hennar. Skammaryrði um dómara gera hann almennt ekki vanhæfan til að fara með mál og gæti ella hver sem er gert dómara

vanhæfan með því að niða hann. Ákvæði 36. gr. 7. tl. laga nr. 85/1936 á ekki við, er svo stendur á.

Samkvæmt þessu ber að fella hinn kærða úrskurð úr gildi.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi.

Úrskurður sakadóms Hafnarfjarðar 19. apríl 1988.

Árið 1988, þriðjudaginn 19. apríl er á dómþingi sakadóms Hafnarfjarðar og Garða, sem háð er að Strandgötu 31, Hafnarfirði af Guðmundi L. Jóhannessyni héraðsdómara, kveðinn upp úrskurður þessi í sakadómsmálinu nr. 2735/1987: Ákærvaldið gegn Baldvini Björnssyni og Sigrúnu Elísabetu Gunnarsdóttur.

Í málinu hefur af hálfu ákærða Baldvins verið gerð krafa um að dómari viki sæti og lagði verjandi hans fram skriflega kröfu þar um 5. apríl sl., en þá höfðu ákærðu verið kvædd fyrir dóminn til skýrslutöku. Krafan er byggð á því, að í sjónvarpsviðtali í Ríkissjónvarpinu í ágúst 1987 hafi dómari málsins rætt um suma þætti máls þessa með þeim hætti, að ekki verði talið að hann geti litið óhlutlægt á þátt ákærða Baldvins í því, og beri því að vika sæti samkv. grundvallarreglu 36. gr. laga nr. 85, 1936, sbr. 2. mgr. 15. gr. laga nr. 74, 1974. Málinu var svo frestað til 13. apríl sl. svo að verjandinn gæti aflað sér endurrits um viðtalið frá fréttastofu Ríkissjónvarpsins, og var það þá lagt fram í réttinum og jafnframt fór fram munnlegur málflutningur um kröfuna. Flutti fulltrúi ríkissaksóknara, Gunnar Stefánsson, málið fyrir ákærvaldið.

Krafan er svo sem fyrr er greint byggð á sjónvarpsviðtali, sem Arnþrúður Karlsdóttir hjá Ríkissjónvarpinu átti við dómara og þykir því rétt að skýra nokkuð tildrög þessa viðtals.

Fljótlega eftir að rannsókn máls þessa hófst hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins og kærur höfðu borist um meint kynferðisbrot ákærðu við stúlku-börn, sem þau höfðu í umsjá sinni eða voru stödd hjá þeim, varð töluvert fjallað um það í fjölmiðlum. Vegna rannsóknarnauðsýnja var ákærður Baldvin úrskurðaður til að hlíta gæsluvarðhaldi frá 6. til 22. júlí sl. Nokkru eftir að ákærður Baldvin var laus úr gæsluvarðhaldi þessu, birtist við hann í Dagblaðinu 15.8. 1987 heillar opnu viðtal, þar sem hann fjallaði á opinskáan hátt um málið, þ. á m. um börnin og aðstandendur þeirra. Aðstandendunum þótti í grein þessari veist svo óviðurkvæmilega og á niðrandi hátt að þeim, að ekki væri unnt að una því. Í framhaldi af því snéru þeir sér til Rannsóknarlögreglu ríkisins og vildu fá rannsóknargögn

málsins til að birta úr þeim, það sem þeir töldu hrekja fullyrðingar ákærða Baldvins í greininni um þá. Var þessari kröfu þeirra hafnað eða ekki tekið við henni. Nokkru síðar gerist það, að þeir birtast hér á skrifstofu bæjarfógetans í Hafnarfirði og skilja hér eftir skriflega kröfu um, að ákærðu verði gert að sæta gæsluvarðhaldi vegna árása og ofsókna, sem þeir töldu sig verða fyrir af hálfu ákærða Baldvins, án þess að það væri skýrt nánar. Komu þeir í fylgd með framangreindum fréttamanni Ríkissjónvarpsins og tæknimönnum frá því. Dómarinn í málinu, sem þá var settur bæjarfógeti í Hafnarfirði, hafði reyndar áður tjáð einum þeirra, sem hringdi hingað, að tilgangslaust væri að bera þessa kröfu upp hér, og jafnframt að hann myndi meina allar sjónvarpsmyndatökur hér vegna þessa erindis. Engu að síður komu þeir hingað rétt fyrir kl. 15:00 mánudaginn 17. ágúst 1987, en dómarinn var þá á leið út úr húsi embættisins vegna jarðarfarar, sem skyldi hefjast kl. 15:00 og hafði því ekki tók á að hafa nein afskipti af þeim. Eftir að hafa skilið hér eftir framangreinda kröfu hafði fréttamaðurinn án leyfis hér viðtal við fjórar konur, sem voru mæður og aðstandendur barna þeirra, sem ákærðu voru grunuð um að hafa misboðið kynferðislega og eru nöfn þeirra undir framangreindri kröfu, en þau voru ekki nafngreind í viðtalinu. Í viðtali þessu létu konurnar ýmis stór orð falla, bæði í garð ákærðu svo og í garð bæjarfógetans í Hafnarfirði, rannsóknaraðila í máli þessu og annarra yfirvalda.

Ummælin í viðtalinu, sem sjónvarpað var sama kvöld, voru bæði móðgandi og ærumeiðandi og hafa m.a. leitt til þess að ákærðu hafa farið í skaðabótamál við Ríkisútvarpið vegna þeirra.

Sjónvarpsviðtalið við dómarann fór fram daginn eftir að frumkvæði sama fréttamanns, sem þá þótti ástæða til að gefa dómaranum kost á að tjá sig um viðtal kvennanna. Í viðtalinu er vikið að kröfu þeirra og hvernig með hana verði farið. Eru einkum tvenn ummæli í viðtali þessu, sem verjandi telur að dómarinn hafi gert sig vanhæfan með því að viðhafa þau.

1. Fréttamaðurinn spyr, hvort dómarinn telji, að í þessu tiltekna máli, Svefneyjarmálinu svokallaða, sé raunhæft að óska eftir frekara gæsluvarðhaldi.

Svar dómarans:

„Sko í þessu máli þá kvað ég upp gæsluvarðhaldsúrskurð og hefði komið fram í framhaldi af því, af þeim tíma sem var ákveðinn, beiðni um framlengingu, þá hefði ég náttúrlega tekið það til umfjöllunar og hugsanlega framlengt, en nú skilst mér að þessari rannsókn sé lokið, án þess að nein beiðni hafi komið þar um, og þá er spurning hvað hafi komið fram nýtt í málinu sem réttlæti að fara að taka málið upp aftur.

Í orðunum „hugsanlega framlengt“ telur verjandinn felast, að dómarinn

hafi tekið afstöðu í málinu, sem geri hann vanhæfan til að fjalla um það nú.

2. Fréttamaðurinn segir, að margoft hafi komið fram sú skoðun að í málum af þessu tagi sé eðlilegast, að brotamaður sitji í gæsluvarðhaldi þar til dómur gangi í málinu og hún spyr hver sé skoðun dómarans á því.

Svar dómarans:

„Nú ég er þessu sammála að mestu leyti, ef að svona um grófari brot í sambandi við nauðgunarmál og önnur ofbeldisbrot er að ræða. Sama er að segja um það, sem að fyrir liggur í sambandi við fíkniefnamál, þar sem menn eru uppvisir að töluverðri sölu á fíkniefnum, en ég tel að í þessum tilvikum, þá eigi að beita gæsluvarðhaldi þannig, að menn sitji tímann meðan á rannsókn stendur og einnig verði í framhaldi af þessu reynt að ljúka málinu, á að kveða upp dóm og helst að láta manninn taka út í beinu framhaldi.“

Þess skal getið að viðtal þetta var nokkuð stytta og minnir dómarann að í lok þess hafi hann getið þess, að til þess að framangreind framkvæmd yrði, þyrfti lagabreytingu.

Verjandinn telur að með því að láta frá sér þetta álit í þessu samhengi, lýsi dómari vissri afstöðu, sem varði mál þetta, og tjái sig á almennan hátt þannig, að hann geti ekki fjallað á óhlutdrægan hátt um mál þetta.

Um 1. ummælin.

Ekki verður séð að hin tilvitnuðu ummæli lýsi neinni ákveðinni afstöðu til sakarinnar í þessu máli af hálfu dómarans, heldur er þarna bent á að mögulega hefði gæsluvarðhald ákærða Baldvins verið framlengt, ef krafa hefði komið fram um það og dómaranum hefði þótt ástæða til eftir þá að hafa fjallað um málið og ef rannsóknarnauðsynjar voru þá til þess.

Um 2. ummælin:

Augljóst er, að dómarinn er hér ekki að fjalla um þetta mál eða sérstaklega sakarefnið, sem þar er greint, heldur almennt um önnur mál, einkum grófari nauðgunar- og ofbeldisbrot, sem naumast eiga við í þessu máli.

Er hér að vissu marki vísað til framkvæmdar, sem er í reynd í samskonar málum, einkum þegar ofbeldisverk leiða til dauða eða örkumlunar, en dómarinn setur fram sem skoðun sína, að heimildin til beitingar gæsluvarðhalds til lengri tíma ætti að vera víðtækari í lögum og framkvæmd.

Það er því mat dómarans, að greind ummæli hans í sjónvarðsviðtalinu séu ekki þannig, að þau geri hann vanhæfan til að dæma um mál þetta sbr. 36. gr. laga nr. 85, 1936, sbr. 2. mgr. 15. gr. laga nr. 74, 1974 og er krafa ákærða Baldvins ekki tekin til greina á þeirri forsendu.

Í sjónvarpsviðtali því, sem tekið var hér á skrifstofunni af mæðrum barnanna, sem ákærðu eru talin hafa framið kynferðisbrot gegn viðhafði hinsvegar ein þeirra ummæli um bæjarfógetann í Hafnarfirði, sem telja verður bæði móðgandi og ærumeiðandi og gætu leitt til refsingar samkv. 108. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940 fyrir hlutaðeigandi konu og jafnframt gætu bakað henni bótaskyldu. Konurnar lögðu fram skriflega kröfu með nöfnum sínum, svo að ekki er vandkvæðum bundið, þó að þær séu ekki nafngreindar í viðtalinu, að sjá hver á hlut að máli. Konurnar eru lögráðamenn þeirra barna, sem talin eru hafa orðið fyrir kynferðislegum brotum af hálfu ákærðu. Í ákæruskjali er þess krafist, að ákærðu verði dæmd til að greiða skaðabætur verði þeirra krafist. Aðilar að þessum bótakröfum hlytu að vera lögráðamenn barnanna. Dómarinn í máli þessu var settur bæjarfógeti í Hafnarfirði 17. ágúst sl. er sjónvarpsviðtalið átti sér stað og getur því verið aðili að kæru og bótakröfu á hendur einhverjum af þessum lögráðamönnum sem einnig eru vitni í málinu. Það samrýmist því ekki reglum 7. tl. 36. gr. laga nr. 85, 1936, sbr. 2. tl. 15. gr. laga nr. 74, 1974, að dómarinn dæmi um hugsanlegar bótakröfur frá þessum aðilum og ber honum samkvæmt framangreindum lagagreinum að víkja sæti í málinu.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Guðmundur L. Jóhannesson dómari í máli þessu víkur sæti í því.